

Úthlutunarstefna Rannsóknasjóðs

Rannsóknasjóður veitir styrki skv. lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir með áorðnum breytingum. Í 2. gr. laganna segir: “Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám. Sjóðurinn styrkir nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni sem efla stöðu vísindastarfs á Íslandi. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.”

Í 6. gr. laganna segir enn fremur: “Vísinda- og nýsköpunarráð markar úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs samkvæmt áherslum ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Stjórn sjóðsins gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests og skulu þær kynntar ráðherra. Í reglunum skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun.”

Vísinda- og nýsköpunarráð leggur áherslu á að við mat á umsóknum vegi eftirfarandi atriði þungt:

- Rannsóknarverkefni skuli styrkt eftir gæðum sem metin eru útfrá vísindalegu gildi, þekkingu og færni umsækjenda og líkum á að verkefni skili árangri og ávinningi.
- Rannsóknasjóður sé opinn samkeppnissjóður sem leggur ekki áherslu á eitt svið vísinda og fræða frekar en annað.
- Sjóðurinn leggi áherslu á samvinnu í vísindarannsóknnum á Íslandi og samstarf við vísindafólk erlendis eftir því sem við á.
- Sjóðurinn leggi áherslu á stuðning við ungt vísindafólk og nýliðun í vísindastörfum.
- Sjóðurinn leggi áherslu á að jafna stöðu kynja. Miðað skal við að heildarúthlutun styrkja skiptist þannig að fjöldi verkefnisstjóra og aðalrannsakenda hvers kyns fari ekki undir 40%. Náist það ekki, þarf að rökstyðja það sérstaklega við úthlutun.
- Sjóðnum sé heimilt að taka tillit til mismunandi aðstæðna umsækjenda, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða innan háskóla, stofnana eða fyrirtækja. Hér er meðal annars vísað til þess að aðgangur umsækjenda að nemendum í rannsóknartengdu námi getur verið mismunandi.

Niðurstöður rannsókna sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Að sama skapi skal almennt tryggja vistun og opið aðgengi að gögnum og hugbúnaði sem safnað er eða verða til í verkefnum sem fjármöggnuð eru af sjóðnum. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðsins í viðkomandi verki.